

Nd.

146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó fjármálaráðuneytinu heimilt að lækka, og jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sérstakar málsbætur eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Í lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, er svo ákveðið, að hver, sem ekki lætur stimpla stimpilskytt skjal innan tveggja mánaða, skuli greiða í sekt stimpilgjaldið fimmfalt. Þó þótti vera nokkuð ósanngjarnt, að þessu yrði beitt í öllum tilfellum, og var stjórnarráðinu heimilað að lækka sektir eða fella þær alveg niður fyrstu tíu árin eftir að lögin öðluðust gildi. Heimild þessi féll niður í ársbyrjun 1932, og komu brátt í ljós ýms dæmi, sem sýndu, að það kom oft ranglátlega niður að beita sektunum fortakslaust. Með lögum nr. 129 31. des. 1925 var heimildin til að lækka eða fella niður sektirnar framlengd til 1. júlí 1937. Það hefir þó komið í ljós, að þetta hefir ekki verið nægilegt, og koma fyrir dæmi, þar sem bersýnilegt er, að ófyrirsjáanleg atvik hafa valdið því, að stimplun bréfanna hefir dregið litið eitt fram yfir tvo mánuði, og oft þannig, að sá, sem fyrir sektinni yrði, á enga sök á því.

Er því með frumvarpi þessu farið fram á, að fjármálaráðuneytið hafi áfram heimild til þess að lækka eða fella niður sektina.